

Erindi Rótarinnar til landlæknis vegna náms áfengis- og vímuefnaráðgjafa 3. 10. 2013

Ágæti viðtakandi.

Í reglugerð um um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuvarnaráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi segir:

„Landlæknir gerir tillögur, í samráði við stofnanir sem veita menntun í áfengis- og vímuvarnaráðgjöf, sem og fagrað landlæknis um áfengis- og vímuvarnaráðgjafa og aðra sem landlæknir metur hæfa, um nauðsynlega menntun fyrir áfengis- og vímuvarnaráðgjafa og hvernig henni skuli hagað. Landlæknir skal senda ráðherra tillögurnar til staðfestingar.“
(<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=079b6b1b-8ab8-4fd2-82d6-99dcccfd8fd62>).

Við Rótarkonur óskum eftir upplýsingum um hvort að landlæknir hafi gert ofangreindar tillögur og ef svo er óskum við eftir að fá þær sendar.

Bestu kveðjur,
f.h. Rótarinnar,
Kristín I. Pálsdóttir

Svar landlæknisembættisins barst 21. 10. 2013

Sæl Kristín

Þakk fyrir neðangreinda fyrirspurn.

Í reglugerðinni er einnig lýsing á umfangi þeirra menntunar sem krafist er að áfengis- og vímuvarnaráðgjafar hafi til að fá starfsleyfi, sbr.:

- hann skal hafa starfað í fullu starfi í þrjú ár eða 6.000 klukkustundir við áfengis- og vímuvarnaráðgjöf á heilbrigðisstofnun þar sem þverfaglegt teymi undir faglegri stjórn læknis í fullu starfi vinnur að áfengis- og vímuvarnameðferð, og
- hann skal hafa fengið kennslu sem nemur 300 klukkustundum. Kennslan skal lúta að lyfjafræði ávana- og vímuefna, áfengis- og vímuvörnum, vinnutilhögun og faglegri framgöngu í ráðgjafarstarfinu, ásamt hugmyndafræði og siðfræði áfengis-meðferðar, og
- hann skal hafa fengið leiðsögn af þar til bærum heilbrigðisstarfsmanni í hópstarfi, í ráðgjöf, viðtölum og á samráðsfundum, alls 225 klukkustundir, þar af 75 tíma í beinni handleiðslu.
-

Umsækjandi skal að lágmarki uppfylla eftirfarandi kröfur um menntun og þjálfun:

Þekking umsækjanda skal sannreynnd með prófi og starfshæfni hans vottuð af faglegum yfirmanni þeirrar stofnunar þar sem námið fór fram.

Síðan kemur málsgreinin sem Rótin vitnar í um að landlæknir geri tillögu um nauðsynlega menntun fyrir áfengis- og vímuvarnaráðgjafa.

Við vinnslu reglugerðarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að endurskoða þær námskröfur sem gerðar eru til þessarar stéttar og taka þá mið af menntun sambærilegra stétta í nágrennalöndum okkur. Sú vinna er ekki komin formlega af stað en það verður farið í hana. Ekki er hægt að segja að svo stöddu hvenær það yrði.

Bestu kveðjur, Anna Björg Aradóttir

Anna Björg Aradóttir yfirhjúkrunarfræðingur
Sviðsstjóri sviðs Eftirlits og gæða
Embætti landlæknis
Barónsstíg 47 101 Reykjavík
Sími 510 1900. Bréfsími 510 1919